



Róttin sf.  
Reykjavíkurvegi 62  
220 Hafnarfirði

## VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 150 Reykjavík  
sími: 545 8100 bréfasími: 551 9165  
postur@vel.is velferdarraduneyti.is

Reykjavík 29. nóvember 2013

Tilv.: VEL13040256/06.33.01

### **Efni: Skimun og meðferð ofbeldis á meðferðarstöðvum**

Vísað er til bréfs frá Kvenfélaginu Róttinni sem sent var velferðarráðuneytinu 27. ágúst sl. Bréfið fjallaði um skimun fyrir ofbeldi á meðferðarstofnunum. Í bréfinu var vísað til skýrslu velferðarráðherra um aðgerðir samkvæmt aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar vegna ofbeldis frá árinu 2011, þar sem segir: „Á meðferðarstofnunum vegna áfengis- og vímuefnaneyslu verði skimað eftir þeim körlum sem hafa beitt maka sína ofbeldi og meðferð þeirra taki mið af því. Sömu leiðis verði skimað eftir konum sem hafa verið beittar ofbeldi í nánum samböndum og tekið tillit til slíkra áfalla í meðferðinni.“ Óskaði Róttin – félag um málefni kvenna með áfengis- og fíknivanda eftir upplýsingum um hvort þessum tillögum hafi verið fylgt eftir og hversu hátt hlutfall þeirra sem komu til meðferðar á undanförunum árum hafa verið þolendur ofbeldis og hversu hátt hlutfall þeirra hefur beitt ofbeldi, samkvæmt skimunum. Einnig var óskað eftir upplýsingum um kynjahlutfall beggja hópa.

Í framhaldi af bréfi frá Róttinni var fimm meðferðarstofnunum framsent það og óskað eftir upplýsingum frá þeim. Meðferðastofnanirnar voru SÁÁ, Samhjálp-Hlaðgerðarkot, Krýsuvíkursamtökin, Sjúkrahúsið á Akureyri (geðdeild) og Landspítali (Geðdeild). Svör bárust frá öllum aðilum nema Sjúkrahúsinu á Akureyri.

Í svari frá SÁÁ kemur fram að skimað sé fyrir ofbeldi, bæði hjá körlum og konum. Bæði karlar og konur eru spurð við greiningu beint um ofbeldi. Ef jákvæð svörun kemur fram er tekið tillit til þess í meðferðinni, t.d. með því að kalla til geðlækna og sálfræðinga.

Í svari Samhjálp-Hlaðgerðakots kemur fram að ekki sé skimað kerfisbundið fyrir ofbeldi, en hins vegar sé einstaklingur sem hefur beitt ofbeldi á meðan meðferð stendur látinn hætta meðferð.

Í svari Krýsuvíkursamtakanna kemur fram að farið sé rækilega ofan í saumana á ofbeldismálum. Því má ganga út frá því að skimað sé fyrir ofbeldi hjá báðum kynjum. Krýsuvíkursamtökin ætla á næstunni að bæta meðferðastarf sitt til að sinna betur konum sem hafa orðið fyrir ofbeldi með endurmenntun starfsfólks og var sérhæfður starfsmaður ráðinn í haust til að sinna betur konum í meðferð sem hafa orðið fyrir ofbeldi og hafa einkenni áfallastreituröskunar. Krýsuvíkursamtökin leggja áherslu á að hverjum þeim sem beitt ofbeldi meðan á meðferð stendur sé vikið úr meðferð.

Í svari Landspítala kemur fram að á fíknigeðdeild LSH er ekki skimað eftir körlum sem beitt hafa maka sína ofbeldi. Hins vegar er við hverja innlögn gerð sjúkraskrá þar sem spurt er um aðdraganda

innlagnar, núverandi veikindi, neyklusögu og skráð er félags- og persónusaga. Þá liggur fyrir í sjúkraskrá fyrri saga viðkomandi, þ.m.t. hvort fram hafi komið að viðkomandi hafi beitt aðra ofbeldi. Komi fram vitneskja eða vakni upp grunur um að viðkomandi hafi beitt maka ofbeldi er brugðist við því. Hver viðbrögðin verða fer eftir eðli ofbeldis og kringumstæðum þegar ofbeldi var beitt. Ekki liggja fyrir tölulegar upplýsingar frá fíknigeðdeild um fjölda þeirra karla sem hafa beitt maka sína ofbeldi. Komi til innlagnar slíkra manna á móttökudeild fíknigeðdeildar er viðkomandi hafður á B-sjúkragangi þar sem er sérstök gát fyrstu daga meðferðarinnar meðan viðkomandi er í ójafnvægi. Ekki er um að ræða kynjaskipta sjúkraganga eða kynjaskipt eftirmeðferðarúræði á fíknigeðdeild LSH. Á bráðageðdeild LSH eru hins vegar kynjaskiptir meðferðargangar sem haft er í huga þegar um er að ræða innlögn á karli með slíka þekktu ofbeldissögu. Hvað varðar skimun eftir konum sem hafa verið beittar ofbeldi í nánnum samböndum er ekki spurt um það á skipulagðan hátt. Hins vegar kemur slík vitneskja oftast fram í byrjun viðtals eða í beiðni um meðferð á fíknigeðdeild. Slíkar beiðnir hafa forgang og er félagsráðgjafi og sálfræðingur deildarinnar að jafnaði með í meðferðarátuninni. Boðið er upp á viðeigandi aðstoð við áföllum og þá með einstaklingsviðtölum og í sumum tilvikum lyfjameðferð. Komi til innlagnar á konu sem beitt hefur verið ofbeldi er tekið tillit til þess við val á herbergi og í sumum tilvikum val á deild. Samkvæmt framangreindu eru ekki kynjaskiptir sjúkrangar á móttökudeild fíknigeðdeildar en kynjaskiptir gangar eru hins vegar á bráðgeðdeild. Í svari frá LSH kemur einnig fram að ljóst sé að konur og karlar eru og verða saman í meðferð á fíknigeðdeild LSH, hvort sem um er að ræða hópa á göngudeild og dagdeild eða inniliggjandi meðferð. LSH tók fram að reynt sé eftir fremsta megni að tryggja öryggi kvenna sem og annarra sjúklinga sem leita sér meðferðar á fíknigeðdeild LSH. Það á sérstaklega við þennan viðkvæma hóp skjólstæðinga sem þegar hefur orðið fyrir ofbeldi.

Niðurstaða:

Fram kom í svörum frá meðferðarsstofnununum að ekki voru allar með vitneskju um tillöguna í skýrslu velferðarráðherra. Almennt er ekki skimað kerfisbundið fyrir ofbeldi á þeim meðferðarsstofnunum sem fengu framsenda fyrirspurnina frá Rótinni að undanskilinni SÁÁ. Hins vegar tóku allar meðferðarsstofnanirnar fram að við innlögn hjá þessum stofnunum er skráð sjúkraskýrsla og þar kemur fram hvort sjúklingur hafi orðið þolandi ofbeldis. Flestar stofnanir reyna eftir megni að taka tillit til sérstakra aðstæðna sjúklings ef hann hefur orðið fyrir ofbeldi í meðferð.

Fyrir hönd heilbrigðisráðherra

Margrét Björnsdóttir

Gunnar Alexander Ólafsson